

Tillaga til 467. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 17. desember 2020

Bæjarstjóri leggur fram gjaldskrár Ísafjarðarbæjar 2021 til síðari umræðu. Gjaldskrár eru óbreyttar, utan tveggja.

Annars vegar lagði íþrótt- og tómstundanefnd til á 217. fundi sínum, þann 2. desember 2020, að breyta afslætti á árskort á skíðasvæði úr 20% í 50% fyrir einstaklinga með virkt árskort í sundi sem fjármálastjóri lagði til í minnisblaði.

Afsláttur á árskort kemur í staðinn fyrir súperpassa sem detta út úr gjaldskrá 2021. Lagt er til sérverð fyrir öryrkja og ellilífeyrisþega á árskort í sundi.

Íþrótt- og tómstundanefnd lagði við bæjarráð að samþykkja gjaldskrá íþróttamannvirkja fyrir árið 2021, og bæjarráð vísaði gjaldskránni til seinni umræðu í bæjarstjórn, á 1134. fundi sínum þann 14. desember 2020.

Hins vegar samþykkti hafnarstjórn gjaldskrá hafna Ísafjarðarbæjar 2021 á 217. fundi sínum, þann 8. desember 2020, og vísaði til samþykktar í bæjarstjórn.

Breytingar voru gerðar á þjónustugjaldskrá II. kafla, n.t.t. 9. gr. um gjald fyrir rafmagn, en rafmagnsmælum var skipt upp í fleiri flokka og sett upp lágmarksgjald, sett var upp lágmarksgjald vegna hafnsögu í 10. gr., sett var upp og skilgreint fast mánaðargjald, lágmarksgjald, vegna sorphirðu, og skilgreindir voru útkallstaxtar vegna vogargjalda í 16. gr. Að lokum var orðalagi 19. gr. breytt þannig að innheimta færi fram hjá innheimtufulltrúa, eins og raunin er, en ekki hjá hafnarstjóra.

Gjaldskrá íþróttamannvirkja:

217. fundur íþrótt- og tómstundanefndar, 8. desember 2020

4. Gjaldskrár 2021 - 2020050033

Á 465. fundi sínum þann 26. nóvember 2020 vísaði bæjarstjórn gjaldskrá íþróttamannvirkja aftur til íþrótt- og tómstundanefndar.

Lagt er fram minnisblað Eddu Maríu Hagalín með tillögur að breytingum á gjaldskrá íþróttamannvirkja.

Íþrótt- og tómstundanefnd leggur til að breyta afslætti á árskort á skíðasvæði úr 20% í 50% fyrir einstaklinga með virkt árskort í sundi sem fjármálastjóri lagði til í minnisblaði.

Afsláttur á árskort kemur í staðinn fyrir súperpassa sem detta út úr gjaldskrá 2021. Lagt er til sérverð fyrir öryrka og ellilífeyrisþega á árskort í sundi.

Íþrótt- og tómstundanefnd leggur til við bæjarráð að samþykka gjaldskrá íþróttamannvirkja fyrir árið 2021.

1134. fundur bæjarráðs, 14. desember 2020

14. Gjaldskrár 2021 - 2020050033

Á 217. fundi íþrótt- og tómstundanefndar, þann 2. desember 2020, var eftirfarandi bókað: „Íþrótt- og tómstundanefnd leggur til að breyta afslætti á árskort á skíðasvæði úr 20% í 50%

fyrir einstaklinga með virkt árskort í sundi sem fjármálastjóri lagði til í minnisblaði. Afsláttur á árskortum kemur í staðinn fyrir súperpassa sem detta út úr gjaldskrá 2021. Lagt er til sérverð fyrir öryrkja og ellilífeyrisþega á árskortum í sundi. Íþrótt- og tómstundanevnd leggur til við bæjarráð að samþykka gjaldskrá íþróttamannvirkja fyrir árið 2021.“

Bæjarráð vísar gjaldskrá Ísafjarðarbæjar vegna íþróttamannvirkja 2021 til seinni umræðu í bæjarstjórn.

Gjaldskrá hafna

217. fundur Hafnarstjórnar, 8. desember 2020

1. Gjaldskrár 2021 - 2020050033

Lögð fram uppfærð gjaldskrá hafna Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2021, samkvæmt tillögu hafnarstjóra.

Hafnarstjórn samþykkir gjaldskrá hafna Ísafjarðarbæjar 2021 og vísar henni til samþykktar í bæjarstjórn.